

## SAMÞYKKT

### um fráveitur og meðhöndlun seyru í Strandabyggð.

#### I. Almenn.

##### 1. gr.

Samþykkt þessi nær til allra fasteigna í Strandabyggð, íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana og atvinnustarfsemi. Samþykktin nær til fráveitna, þar með talið allra mannvirkja sem reist eru til meðhöndlunar eða flutnings á frárennsli, s.s. rotþróa, set- og sandskilja, fellitanka og olíu- og fitugildra. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði reglugerða nr. 982/2010 um fráveitur sveitarfélaga, nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, nr. 533/2001 um breytingar á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hefur heilbrigðisnefnd Vestfjarða eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir rotþrær og settanka og staðsetningu þeirra. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt skal losunar- og hreinsitækni vera í samræmi við reglur heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

#### II. Um fráveitur.

##### 2. gr.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Fráveita Strandabyggðar er B-hluta fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins um rekstur fráveitu í þéttbýlinu á Hólmavík. Allar lagnir fráveitunnar eru eign hennar; útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnræsi í götum og opnum svæðum og götufrárennsli að frárennsli húseigna. Sömuleiðis allur fráveitubúnaður, brunnar, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

Sveitarsjóður kostar framkvæmdir og rekstur fráveitu Strandabyggðar. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega fé til þeirra á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs. Sveitarstjórn fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu Strandabyggðar.

##### 3. gr.

Fráveita Strandabyggðar veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

##### 4. gr.

Þar sem fráveita Strandabyggðar er fyrir hendi, skal húseigendum séð fyrir tengingu frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Sveitarstjórn ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

##### 5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað heimæð frá húseignum sínum að lóðamörkum og tengja hana við fráveituna, í samræmi við lóðaruppdrátt, byggingarskilmála eða önnur fyrirmæli sem gefin eru. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

##### 6. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu Strandabyggðar skal sækja um það til Stranda- byggðar. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveit- lögnum húsa og lóða sem tengja á fráveitu Strandabyggðar.

## 7. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu Strandabyggðar séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

## 8. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni, önnur spilliefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka.

Eigendur húseigna sem skylt er að hafa fitu- eða olíugildru á fráveitu bera ábyrgð á að slíkum búnaði sé komið fyrir. Olíugildru skal a.m.k. setja við bifreiðaverkstæði og aðra sambærilega mengandi starfsemi. Fitugildirur skulu vera á fráveitum stóreldhúsa.

Um mengunarvarnir fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim, svo og starfsleyfum.

## 9. gr.

Þar sem hætta er talin á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um frárennislagnir frá húseigendum vegna ofanvatns eða hárrar grunnvatnsstöðu skulu húseigendur koma fyrir á sinn kostnað sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

**III. Um fráveitugjald.**

## 10. gr.

Sveitarfélagið skal innheimta gjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd tenginga. Heimilt er sveitarfélaginu að innheimta með tengigjaldi hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi, þó ekki kostnaði vegna stofnlagna nema þær gegni jafnframt hlutverki safnkerfa. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 11. gr.

Af þeim fasteignum í Strandabyggð sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða gjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins. Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Þar sem frárennsli er veitt frá atvinnustarfsemi eða vegna annars en venjulegra heimilisnota í fráveitukerfi sveitarfélagsins er heimilt að innheimta gjald vegna losunar miðað við innrennsli vatns samkvæmt mæli. Sé vatn notað til framleiðslu þannig að því sé ekki veitt í fráveitukerfi skal notandi mæla notkun þess. Sú notkun skal dregin frá innmældu magni við útreikning á gjaldi. Verði mælingu ekki við komið skulu aðilar meta vatnsnotkun til frádráttar á innmældu vatnsmagni.

## 12. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið með gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

## 13. gr.

Sveitarstjórn Strandabyggðar er heimilt að nýta sér heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til að lækka eða fella niður gjöld hjá tekjulágum elli- og örorku-lífeyrisþegum samkvæmt reglum sem sveitarstjórn setur.

**IV. Sérstaklega um rotþrær og siturlagnir.**

## 14. gr.

Rotþró er tankur til botnfellingar og hreinsunar á föstu sviflægu efni úr skólpi. Um stærð, gerð og frágang rotþróa í sveitarfélaginu Strandabyggð fer samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og samþykktar þessarar um leyfisveitingar, gerð, staðsetningu, frágang og hreinsun rotþróa í Strandabyggð.

## 15. gr.

Aðili á vegum Strandabyggðar annast hreinsun rotþróa frá öllu húsnæði í sveitarfélaginu í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar og í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Sveitarstjórn ákveður tíðni og framkvæmd hreinsunar. Rotþró skal þó ekki hreinsa sjaldnar en á þriggja ára fresti. Heilbrigðisfulltrúi getur mælt fyrir um örari hreinsun ef aðstæður krefja. Ákvörðun um tíðni skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins, svo og ef um breytingar er að ræða, með hæfilegum fyrirvara.

## 16. gr.

Skólþ frá sérhverri húseign í Strandabyggð, sem ekki er unnt að tengja við holræsi sveitarfélagsins, skal leiða gegnum fullnægjandi hreinsivirki, svo sem rotþró og siturlögn eða aðra sambærilega hreinsun. Eigendur fasteigna skulu sækja um leyfi til sveitarfélagsins til niðursetningar rotþróar eða safntanks og frágangs siturlagnar. Umsókn skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð og staðsetningu. Með umsókn skal fylgja umsögn heilbrigðisfulltrúa um staðsetningu. Rotþró og lagnir eru eign húseiganda.

## 17. gr.

Afrennsli frá ofnum og afbræðslukerfum, þakvatn og annað yfirborðsvatn skal hvorki leiða í rotþró né í siturlögn hennar.

## 18. gr.

Staðsetja skal rotþró og tilheyrandi siturlögn og/eða sandsíu innan lóðar og að jafnaði ekki nær húseign en 10 m. Fjarlægð frá rotþró að mörkum aðliggjandi lóðar skal aldrei vera minni en 5 m. Verði siturlögn eða sandsíu ekki komið fyrir innan lóðar viðkomandi húseignar getur sveitarstjórn samþykkt annað fyrirkomulag ef samþykki hlutaðeigandi lóðarhafa liggur fyrir. Að öðru leyti skal farið eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um niðursetningu rotþróa og siturlagna.

## 19. gr.

Allar lagnir vegna rotþróar skulu lagðar nægilega djúpt í jörðu svo að þær séu ætíð frostfríar.

## 20. gr.

Fráveituvatni úr rotþró skal veitt í útloftaða siturlögn og/eða sandsíu. Heimilt er að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa að leyfa að afrennsli rotþróar fari í grjótpúkk verði öðru ekki við komið og ekki ástæða til að krefjast safntanks.

## 21. gr.

Rotþró skal hreinsa í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni og safntanki. Hreinsunaraðilar skulu hafa starfsleyfi til verksins, skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## 22. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró, annarra stakra hreinsivirkja og förgun seyru skal húseigandi greiða rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið í gjaldskrá í samræmi við 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, sbr. og ákvæði 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn setur og lætur birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rotþróargjald skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenju mikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu, svo sem vegna barkalengdar, endurkomu o.s.frv., eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærri en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

**V. Málsmeðferð og gildistaka.**

## 23. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna fráveitumála, seyruhirðu eða hreinsunar hreinsivirkis, svo sem rotþróa, skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til eftirlitsaðila verksins, sveitarfélagsins eða Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

## 24. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

## 25. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Strandabyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 17. september 2012.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

---

*Íris Bjargmundsdóttir.*